REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 704 9. desember 1982 um láglaunabætur.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Bæturnar skal greiða til manna sem náð höfðu 16 ára aldri fyrir árslok 1981 og lögheimili áttu hér á landi bæði í lok þess árs og í árslok 1982.

Skattstjórar skulu annast útreikning bótanna og skulu miða við upplýsingar á skattframtölum árið 1982 með þeim breytingum sem ákvarðaðar hafa verið á þeim fyrir lok febrúar 1983, sbr. þó 8. gr.

2. gr.

1. tl. 4. gr. orðist svo:

Skerðingarstofn skal ákvarðaður sem útsvarsstofn framteljanda að viðbættum helmingi af eignarskattstofni sem umfram er eftirfarandi mörk: 326.250 kr. hjá hvoru hjóna, 489.375 kr. hjá einhleypingi, en 652.500 kr. hjá einstæðu foreldri, eða vera jafnhár stofni til útreiknings bóta, sbr. 1. mgr. 3. gr., hvort sem hærra er.

3. gr.

Í stað 15. janúar í 1. mgr. 8. gr. komi 1. apríl og í stað 1. mars í 2. mgr. 8. gr. komi 1. maí.

Í stað 1. febrúar í 9. gr. komi 1. apríl og í stað 1. apríl komi 1. maí.

4. gr.

Leiði útreikningur láglaunabóta samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar til þess að hærri fjárhæð verði til útborgunar en sú fjárhæð sem greidd var út samkvæmt reglugerð nr. 704/1982 skal greiða þann mismun út í mars 1983. Lægri útborgun fjárhæðar en 300 kr. fellur niður við greiðslu.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 2/1983 öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. mars 1983.

Ragnar Arnalds.

Árni Kolbeinsson.